

23. fundur bæjarstjórnar

23. fundur bæjarstjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2010-2014, haldinn miðvikudaginn 15. desember 2011 kl. 17:00 í Ráðhúsi Árborgar, Selfossi.

Neðanskráðir bæjarfulltrúar eru mættir:

Ari Björn Thorarensen, D-lista, forseti bæjarstjórnar

Eyþór Arnalds, D-lista,

Elfa Dögg Þórðardóttir, D-lista,

Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista,

Gunnar Egilsson, D-lista,

Helgi Sigurður Haraldsson, B-lista,

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista,

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista,

Bjarni Harðarson, varamaður, V-lista,

Auk þess situr fundinn Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri og Líney Magnea Þorkelsdóttir sem ritar fundargerð.

Forseti bæjarstjórnar setti fundinn og leitaði afbrigða að taka á dagskrá mál nr. 1012096 – Útboð á sorphirðu 2011 – úr fundargerð bæjarráðs Árborgar frá 15. desember 2011.

Var það samþykkt með 5 atkvæðum, bæjarfulltrúar B-, S- og V-lista sátu hjá.

Dagskrá:

Elfa Dögg Þórðardóttir, D-lista, vikur af fundi, Grímur Arnarson, varamaður D-lista, kemur inn á fundinn.

I. Mál nr. 1012096 – Útboð á sorphirðu 2011

Eftirfarandi tillaga var tekin sérstaklega til afgreiðslu þar sem mótatkvæði kom fram við afgreiðslu hennar í bæjarráði.

Bæjarráð samþykkir að hafna þeim tilboðum sem bárust í verkið Söfnun og flutningur úrgangs, moltugerð og þjónusta við gámastöð 2012 – 2016 þar sem færa megir rök fyrir því að gallar kunni að hafa verið á framkvæmd útboðsins.

Rétt er að benda á að kostnaður við lægsta tilboð er yfir 13 milljón krónum hærri fyrir árið 2012 en kostnaður við sorphirðu fyrir árið 2011. Þá er útboðsupphæð fyrir fimm ára tímabil miðuð við núverandi sorpmagn en margt bendir til að það kunni að aukast á tímabilinu með tilheyrandi viðbótarkostnaði.

Bæjarráð felur framkvæmdastjóra sveitarfélagsins að leita samninga við núverandi sorphirðuaðila um framlengingu samnings til 1. júlí 2012. Bæjarráð felur tækni- og veitustjóra að vinna að nýju útboði.

Eyþór Arnalds, D-lista, og Helgi S. Haraldsson, B-lista, tóku til máls

Helgi S. Haraldsson, B-lista, óskaði eftir að færðar yrðu til bókar eftirfarandi tillögur og bókanir frá bæjarráðsfundi fyrr í dag.

„Sú tillaga sem hér er lögð fram af meirihluta D-lista, að hafna niðurstöðu útboðs á sorphirðu fyrir sveitarfélagið, er verulega undarleg ákvörðun. Byggð á vangaveltum um hugsanlega galla á útboðinu og aukið sorpmagn í framtíðinni. Einnig eru settar fram tölulegar upplýsingar um hærri kostnað á árinu 2012, en ekkert getið um sparnað upp á 25 milljónir á

samningstímanum. Hugsanlegur kostnaður sveitarfélagsins vegna þessarar ákvörðunar er alfarið á ábyrgð meirihluta D-lista''

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Helgi S. Haraldsson, B-lista, og Þórdís Eygló Sigurðardóttir, V-lista.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga Eggerts Vals og Helga S. Haraldssonar:

„Bæjarráð samþykkir að ganga til samninga við lögstjóðanda í útboði á sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg.

Greinargerð: Bæjarstjórn tók ákvörðun fyrir ári síðan að láta bjóða út sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg í ljósi þess að samningur við verktakann, sem hefur séð um sorphirðuna mörg undanfarin ár, var runninn út. Skipaður var vinnuhópur fulltrúa allra flokka til þess að móta framtíðarstefnu í málaflokknum sem lið í undirbúningi útboðsins. Í framhaldinu var verkfræðistofan Efla fengin til þess að gera útboðsgögn og bjóða út verkið í samræmi við vilja bæjarstjórnar. Niðurstaðan varð sú að tvö fyrirtæki buðu í verkið, annars vegar Íslenska gámafélagið og hins vegar Gámapjónustan. Tilboð Gámapjónustunnar reyndist mun hagstæðara fyrir sveitarfélagið. Ef miðað er við kostnað undanfarinna ára er tilboð Gámapjónustunnar mjög hagkvæmt fyrir sveitarfélagið og þýðir í raun sparnað sem nemur um það bil 25 milljónum kr. á samningstímanum. Fyrir liggur einkunnargjöf unnin af fagaðilum vegna tilboðanna og skorar lögstjóðandi herra í þeirri einkunnargjöf. Það er því sjálfsagt og eðlilegt að ganga frá samningi við lögstjóðanda sem allra fyrst enda gert ráð fyrir því að núverandi verktaki ljúki við sinn samning um næstu áramót og nýr verktaki taki til starfa 1. janúar 2012''

Eggert Valur Guðmundsson, S lista og Helgi S. Haraldsson, B-lista.

Tillagan var borin undir atkvæði og felld með tveimur atkvæðum gegn atkvæði Eggerts Vals Guðmundssonar, S-lista.

Lögð var fram bókun Eggerts Vals Guðmundssonar, S-lista, og Helga S. Haraldssonar, B-lista:

„Það er algjörlega óskiljanlegt að meirihluti D-lista skuli

fella þá tillögu sem hér er lögð fram af undirrituðum fulltrúum minnihlutans, um að ganga til samninga við lögstjóðanda eftir útboð sem sveitarfélagið stóð fyrir vegna sorphirðu í sveitarfélaginu. Ljóst er að annar tilboðsgjafanna hefur sent frá sér tilmæli um ógildingu útboðsins, sem við nánari skoðun standast ekki sem rök fyrir ógildingu þess. Útboðsgögn voru unnin af Verkfræðistofu Suðurlands og EFLU verksfræðistofu fyrir sveitarfélagið og eru í samræmi við allar almennar reglur og lög sem um slík útboð gilda. Hefur umsjónaraðili útboðsins hjá EFLU sagt að útboðsgögnin standist alla lagalega skoðun og í þeim felist á engan hátt mismunun gagnvart tilboðsgjöfum. Í útboðsgögnum er m.a tekið fram að þeir bjóðendur sem komi til greina skuli, innan ákveðins frests, sé þess óskað, láta í té ýmsar upplýsingar um viðkomandi fyrirtæki, s.s starfsleyfi, upplýsingar um tæki, staðfestingu á að fyrirtækið sé ekki í vanskilum með opinber gjöld o.s.frv.

Hvorugur tilboðsgjafa gerði athugasemdir þegar tilboð voru opnuð og báðir aðilar skiluðu inn þeim gögnum sem beðið var um án athugasemda eftir að tilboð voru opnuð. Tilboðsgjafar sátu við sama borð allt útboðsferlið.

Leitað hefur verið á lits bæjarlögmanns á – Tilmælum um ógildingu útboðs – frá öðrum tilboðsgjafanum og getur bæjarlögmaður ekki gefið ótvíræð svör við því hvort gallar hafi verið á útboðinu eða ekki. Hvergi er heldur til ótvíræður úrskurður í sambærilegum málum en í úrskurði kærnefndar útboðsmála í máli nr. 12/2006 segir: “Það er meginregla í opinberum innkaupum að bjóðendur geta ekki breytt grundvallarþáttum í tilboðum sínum eftir að þau hafa verið opnuð, enda eru slíkar breytingar almennt til þess fallnar að raska samkeppni og fela í sér hættu á mismunun.” Í þessu útboði er ekki hægt að segja, að með því að kalla eftir frekari upplýsingum eftir að tilboð voru opnuð, hafi jafnræði verið brotið þar sem það kom skýrt fram í útboðsgögnum að eftir þessu yrðir kallað og báðir aðilar vissu það og báðir aðilar skiluðu inn umbeðnum gögnum á tilsettum tíma.

Í útboðinu sem hér um ræðir var vægi tilboðsupphæðar 80% og

vægi annarra þátta samtals 20%, en kallað var eftir upplýsingum vegna þessara þátta við opnun tilboða. Í niðurstöðum þessa útboðs hefur því tilboðsverðið svo mikið vægi að aðrir þættir geta ekki breytt niðurstöðu þess, þ.e.a.s. hvor tilboðsgjafi skorar hærra eftir að allar viðbótarupplýsingar hafa verið skoðaðar.

Það er vægast sagt undarlegt að ganga ekki nú þegar til samninga við lögstjóðanda á grundvelli þeirra tilboða sem fyrir liggja og einkunnargjafar tilboðsgjafa, samkvæmt umbeðnum upplýsingum sem þeir báðir skiluðu inn“

Helgi Sigurður Haraldsson, fulltrúi B-lista og Eggert Valur Guðmundsson, fulltrúi S-lista. Þórdís Eygló Sigurðardóttir, V-lista, tók undir bókunina.

Ari B. Thorarensen, D-lista, óskaði eftir að eftirfarandi bókun úr bæjarráði yrði færð inn í fundargerðina.

„Það er ábyrgðarhluti að semja um sorphirðu til fimm ára og binda þannig sveitarfélagið. Nú liggur fyrir álit bæjarlögmanns sem staðfestir að galli kunni að vera á útboðinu. En í áliti bæjarlögmanns segir orðrétt: „Ef að lögmæti útboðsins yrði borið undir framangreinda úrskurðaraðila má færa rök fyrir því að niðurstaðan gæti orðið sú að jafnræði bjóðenda hefði ekki verið gætt með fullnægjandi hætti.“ Sá reiknaði ávinningur sem fulltrúar S- og B-lista nefna er ekki fyrir hendi, þvert á móti er ýmislegt sem bendir til annars.“

Ari Björn Thorarensen, D-lista, Bjarni Harðarson, V-lista, Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Eypór Arnalds, D-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, Helgi S. Haraldsson, B-lista, Ari Björn Thorarensen, D-lista, og Grímur Arnarson, D-lista, tóku til máls.

Bjarni Harðarson, V-lista, tók til máls og lagði fram eftirfarandi breytingartillögu.

“Undirritaður gerir að tillögu sinni að 10. lið, 73. fundar bæjarráðs um útboð sorphirðu, verði frestað og tekið að nýju til umfjöllunar á aukafundi bæjarstjórnar sem boðað verði til fyrir áramót”.

Bjarni Harðarson, bæjarfulltrúi V-lista.

Breytingartillaga borin undir atkvæði og var hún fell með 5 atkvæðum bæjarfulltrúa D-lista gegn 4 atkvæðum bæjarfulltrúa B-, S- og V-lista.

Helgi S. Haraldsson, S-lista, óskaði eftir fundarhléi og var gert hlé á fundinum.

Tillögu um að hafna þeim tilboðum sem bárust í verkið Söfnun og flutningur úrgangs, moltugerð og þjónusta við gámastöð 2012-2016 borið undir atkvæði og samþykkt með 5 atkvæðum bæjarfulltrúa D-lista, gegn atkvæðum bæjarfulltrúa B-, S- og V-lista.

Helgi S. Haraldsson, B-lista, gerði grein fyrir atkvæðum minnihlutans:

“Sú ákvörðun meirihluta D-lista að hafna þeim tilboðum sem bárust í sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg, á bæjarráðsfundi fyrr í dag, er óskiljanleg. Rökin sem meirihlutinn notar fyrir ákvörðun sinni eru getgátur um hugsanlega, mögulega, kannski galla á útboðinu. Einnig er gert lítið úr þeim 25 milljón króna sparnaði sem liggur fyrir að verði á samningstímanum, fimm árum, miðað við núverandi forsendur um magn o.fl.

Greinargerð bæjarlögmanns styður ekki með afdráttarlausum hætti ákvörðun meirihlutans að hafna beri þeim tilboðum sem bárust.

Undirritaðir bæjarfulltrúar vísa í þær bókanir sem gerðar voru við afgreiðslu málsins í bæjarráði fyrr í dag og harma þessa

niðurstöðu málsins. Um leið lýsa þeir allri ábyrgð á þeim kostnaði sem af málinu hlýst, vegna skaðabótamála og annars kostnaðar, alfarið á hendur meirihlutanum.

Það er sorglegt til þess að hugsa að öll sú vinna og kostnaður sem fram hefur farið við undirbúning útboðsins, þ.e vinna vinnuhóps um sorpmál, gerð útboðsgagna og fleira, sé með þessu hent út um gluggann. Á sama tíma er verið að afgreiða fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2012, þar sem starfsmenn sveitarfélagsins hafa gert allt til þess að finna leiðir til lækkunar kostnaðar og til hagræðingar en upplifa síðan að hægt er að hafna tilboðum og vinnu, sem mun spara sveitarfélaginu tugi milljóna.

Að lokum veldur það okkur vonbrigðum að ekki náðist sátt um að fresta málinu til að frekari skoðunar og upplýsingaöflunar vegna hagsmuna bæjarsjóðs.”

Helgi Sigurður Haraldsson, bæjarfulltrúi B-lista

Eggert Valur Guðmundsson, bæjarfulltrúi S-lista

Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi S-lista

Bjarni Harðarson, varabæjarfulltrúi V-lista.

Elfa Dögg Þórðardóttir, D-lista, kemur aftur inn á fundinn, Grímur Arnarson, varamaður D-lista vék af fundi.

II. 1106093

Fjárhagsáætlun 2012 – seinni umræða

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, Gunnar Egilsson, D-lista, Helgi S. Haraldsson, B-lista, Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Elfa Dögg Þórðardóttir, D-lista, Eyþór Arnalds, D-lista, Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, og Bjarni Harðarson, V-lista, tóku til máls.

Bjarni Harðarson, V-lista, tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

“Undirritaður þakkar starfsfólki Sveitarfélagsins Árborgar fyrir vel unnin störf við gerð fjárhagsáætlunar. Niðurstaða fjárhagsáætlunar er endanlega á ábyrgð meirihluta bæjarstjórnar. Fulltrúi V-lista óskar meirihluta velfarnaðar í þeim störfum sem tengjast fjárhagsáætluninni og mun ekki leggja gegn samþykkt hennar en ekki heldur gjalda henni jáyrði.”

Bjarni Harðarson, bæjarfulltrúi V-lista.

Fjárhagsáætlun var borin undir atkvæði og samþykkt með 8 atkvæðum bæjarfulltrúa D-, B- og S-lista, bæjarfulltrúi V-lista situr hjá.

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, gerir grein fyrir atkvæðum bæjarfulltrúa B- og S-lista:

“Fjárhagsáætlun ársins 2012 sem nú er lögð fram af bæjarstjórnarmeirihluta D-listans er, eins og kemur fram í greinargerð með henni, í takt við þær áætlanir sem lagðar hafa verið fram og unnið eftir allt frá efnahagshruninu, haustið 2008.

Í fjárhagsáætluninni eru settar fram lágmarkshækkanir á gjaldskrá sveitarfélagsins, að meðaltali í kringum 5%, til að halda í við verðlagsþróun á milli ára. Þó er hækkun á gjaldskrá Selfossveitna töluvert hærrí eða 12,5%. Er það gert með þeim rökum að nauðsyn er á verulegum framkvæmdum til aukinnar vatnsöflunar, bæði á heitu og köldu vatni. Verður því að treysta því að meirihlutinn láti verða af því að fara í þær framkvæmdir á árinu 2012. Ekkert varð úr framkvæmdum á árinu 2011, þrátt fyrir að aðalröksemdin fyrir 18% hækkun gjaldskrár á árinu 2011 hafi verið sú að nauðsynlegt væri að ráðast í frekari vatnsöflun.

Sveitarfélagið Árborg er skuldsett sveitarfélag eins og svo mörg önnur sveitarfélög á Íslandi í dag. Ekki skal gleyma því að skuldirnar eru komnar til vegna mikilla fjárfestinga

undanfarinna ára, þegar sveitarfélagið stækkaði ört og íbúafjölgun varð ár eftir ár langt umfram landsmeðaltal. Meðal framkvæmda voru byggingar leikskóla, grunnskóla, gatnagerð, holræsagerð o.fl. Á síðasta ári lækkaði skuldahlutfall bæjarsjóðs úr 209% í 204% og stefnan er sett á að ná því niður í 152%. Markmiðið er göfugt og vonandi næst það. Ekki má samt gleyma því að aukið framlag í tekjum sveitarfélagsins með tilkomu hækkunar á hámarksútsvari í 14,48% vegna tilfærslu á málefnum fatlaðs fólks, hjálpar til við að gera þennan samanburð hagstæðari.

Margt er þó ógert sem þarf að vinna að í framtíðinni til að lækka kostnað sveitarfélagsins og hagræða í rekstri þess. Má m.a. nefna skoðun á innkaupamálum sveitarfélagsins, skoðun á frekari þjónustusamningum við einstök félög eða verktaka, frekari skoðun á sölu eigna sem ekki nýtast sveitarfélaginu og fleiri þáttum til meiri forgangsröðunar, hagræðingar og lækkunar á ýmsum útgjaldaliðum.

Þrátt fyrir að hér sé lögð fram fjárhagsáætlun byggð á forsendum sem nú liggja fyrir þá eru margir lykilþættir sem erfitt er að spá fyrir um vegna ársins 2012, s.s. verðbólgu, þróun atvinnuleysis, fjárhagsaðstoð o.fl. sem hefur bein áhrif á stöðu bæjarsjóðs.

Undirritaðir bæjarfulltrúar vilja gagnrýna harðlega það vinnulag sem meirihlutinn hefur viðhaft við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins. Minnihlutanum var ekki boðið að koma að gerð hennar sem er í engu samræmi við yfirlýsingar meirihlutans um að ekki eigi að vera meiri eða minnihluti í Sveitarfélaginu Árborg. Allir kjörnir bæjarfulltrúar eru fulltrúar íbúa sveitarfélagsins og fjárhagsáætlun hvers ár er lykilatriði í rekstri og stjórnun sveitarfélagsins.

Undirritaðir bæjarfulltrúar greiða atkvæði með framlagðri fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2012”

Helgi Sigurður Haraldsson, bæjarfulltrúi B-lista.

Eggert Valur Guðmundsson, bæjarfulltrúi S-lista.

Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi S-lista.

Eypór Arnalds, D-lista, lagði fram eftirfarandi bókun.

“Bæjarfulltrúar D-lista þakka starfsfólki sveitarfélagsins og bæjarfulltrúum fyrir gott samstarf við gerð fjárhagsáætlunar sem og í öðrum störfum.

Bæjarfulltrúar D-lista þakka þeim bæjarfulltrúum sem studdu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins enda eru hún í senn metnaðarfull og ráðdeildarsöm.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska starfsmönnum og bæjarfulltrúum gleðilegra jóla og vonast eftir góðu samstarfi á nýju ári. “

III. 1112008

Tillaga að breytingum á gjaldskrá sundlauga Sveitarfélagsins Árborgar 2012 – seinni umræða

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

IV. 1112008

Tillaga að breytingum á gjaldskrá fyrir ferðapjónustu fatlaðra í Sveitarfélaginu Árborg 2012 – seinni umræða

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

V. 1112008

Tillaga að breytingum á gjaldskrá fyrir félagslega heimapjónustu í Sveitarfélaginu Árborg 2012 – seinni umræða

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

VI. 1112008

Tillaga að breytingum á gjaldskrá fyrir hundagjald

í Sveitarfélaginu Árborg

2012 – seinni umræða

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

VII. 1112008

Tillaga að breytingum á gjaldskrá fyrir kattahald í Sveitarfélaginu Árborg 2012 – seinni umræða

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

VIII. 1112008

Tillaga að breytingum á gjaldskrá fyrir búfjáreftirlit í Sveitarfélaginu Árborg

2012 – seinni umræða

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

IX. 1112008

Tillaga að breytingum á gjaldskrá fyrir leikskóla í Sveitarfélaginu Árborg 2012 –

seinni umræða

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

X. 1112008

Tillaga að breytingum á gjaldskrá fyrir skólavistun í Sveitarfélaginu Árborg

2012 – seinni umræða

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

XI. 1112008

Tillaga að breytingum á gjaldskrá fyrir skólamat í grunnskólum í Sveitarfélaginu

Árborg 2012 – seinni umræða

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

XII. 1112008

Tillaga að breytingum á gjaldskrá bókasafna í Sveitarfélaginu Árborg 2012 – seinni umræða

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

XIII. 1112008

Tillaga að breytingum á gjaldskrá Selfossveitna 2012 – seinni umræða

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða

Fleira ekki gert.

Fundargerðin lesin upp og fundi slitið kl. 19:20

Eyþór Arnalds

Elfa Dögg Þórðardóttir

Ari Björn Thorarensen

Sandra Dís Hafþórsdóttir

Gunnar Egilsson

Helgi Sigurður Haraldsson

Eggert Valur Guðmundsson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Bjarni Harðarson

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri

Líney Magnea Þorkelsdóttir, ritari